

Göprún dimmblá skráir
mál litlu kjaftforu völvu

Óðsmál in fornu

ISBN 978-9935-409-40-9

22. ISBN 978-9935-409-21-8

jötnar Geri Freki

Göia goði, Óðsmál,
<http://www.mmedia.is/odsmal>
frejukettir@mmedia.is; odsmal@mmedia.is



Norræn menning

+354 694 1264; +354 552 8080

Jötnar, Geri og Freki

-Hæhæ jötnar, hæ Geri, hæ Freki.

Hvað eruð þið að aðhafast í henni verslu í dag?

-Blessuð, litla forvitna.

Hvaðan ber þig að?

Ertu áhugamaður um endurvinnslu?

Við bröllum í dag og alla daga, í nótt og allar nætur,

og gettu við hvað:

endurvinnsluna.

Í 32. skráðu (fundarstjóri Þjóðvitnir) gerum við líka grein fyrir ruglingi með þursa, jötna, tröll, þursameyjar þrjár ofl. Útlendingar eru svo vitlausir að þýða allt giant (frb.djæant, risi). Orðabókaþýðingar, hvorki þýðandinn né lesandinn græðir, því það fyrirfinnst enginn skilningur.

Fyrsta lögmál varmaafslfræði er um að ekkert tapast, aldrei skapað, aldrei eytt, og þriðja lögmálið er, að þeim mun minni sem æsingurinn er, þeim mun minni tæring og eyðing, og við núll æsing er fullkomin regla.

Við förum bara eftir þessu svo við erum ekki í neinu stressi hér, gengur allt sinn vana gang, og fer eftir þessum áreiðanlegu lögmálum.

Hefurðu heyrt um Rauðhettu litlu og stóra grimma lúmska úlfinn í skóginum, sem var lyginn í þokkabót?

Lítur vo vo sakleysislega út sem ævintýri handa börnum. En börnin verða myrkfælin, halda að stóri vondi úlfurinn sé undir rúmi í myrkrinu, því ævintýri eru hér og nú -- einsog Skaði segir alltaf.

Við, Geri hinn gráðugi, og Freki hinn kjötlystugi, erum úlfurinn.


गर gara sá sem gleypir, वृक vrika úlfur (sá sem rífur) वृक् vrik hremma



Sagan um Rauðhettu og úlfinn í skóginum er til að segja litlu krökkunum að allir hoppa sprelllifandi útúr maga úlfsins í sögulok.

Þannig enda öll góð ævintýri, þau enda á nýrri byrjun.

(stærri mynd svo rennilásinn sjáist betur:)



Þessa vegna erum við með rennilásinn,
-- hann er orðinn svolítið slitinn, greyið --
við tyggjum ekki heldur gleypum í heilu lagi.
Kjöt gefur Óðinn okkur greyjum sín.

Sumt eru nú hálfógeðslegt af gruggi og stressi, syrju og mor,
sumir tærir og finir með tærar elfur,



en við förum nú ekkert í manngreiningarálitið.
Þetta fer svona soldið eftir því hvernig lífi menn lifa.



Við nenum nú ekkert að útskýra það neitt.
Ekki okkar mál hvernig menn lifa lífinu.

Loup-garou (flt. les loups-garous; frb: lú garú) er að vísu varúlfur, og þeir eru í sumum sögum rosalega varhugaverðir, varhugavarúlfalegir, læðast um í skóginum að nóttu til, undir fullu tungli, og gera eitthvað vovo spennandi, spennusagnaspennuleikarar.

Geyr Garmur mjök fyr Gnipahelli, leikur hár hiti við himin sjalfan,

घर्म gharma varmi

hiti (af sólu eða eldi) stofn ghrí2, sólarhiti, þermos θερμος, lat. fornus.

Við Geri og Freki erum í laumi hula Helju, vri वृ fela hylja,
og svolítill helgi hvílir yfir tilveru okkar. Svólítill sorg og söknuður í bland.
Það er þegar kjöt ástvina fer í hundana.

Það er þegar Óðinn vitund fleygir í okkur bita. Útför, bálför, jarðaför.
Við kjöt eitt æ við unum.

Má segja að við séum endir á einum bók,
og svo fæðist bara annar þegar menn nenna ekki lengur að vera í
maganum á okkur.

Já, líklega erum við töluvert tengdir Helju þegar öllu er á botninn hvolft,
kjötið fer í hundana,

sálin í kaffipásuna hvíta bláa bjarta kalda. (13.)

Hagall, hagl.



Jú, það er svolítill erill, alltaf þetta skrepp fram og til baka,
og nýr og nýr kroppur,
meira að segja Hermóður og sólguðin og þannig að skreppa til Heljar,



Já, erill, stundum hávaði, stundum grenjað svolítið.
En ef menn skilja ekki heildarmyndina, gera þeir mikið úr smáatriðum.

Þótt dýr og menn elski lífið

og af náttúru sinni reyni alltaf að viðhalda því og vernda það,
er Helia vinkona okkar (13.) allra.

Hún er kaffipása milli æviskeiða, köld björt hálfblá.


Kroppurinn snjáist
og karma manns getur að lokum ekki lengur verið lifað í honum.

Dauðin er ekki til, aðeins vín Valföðurs,
en engin eftirsjá er í kjöti í okkar kjaft,
-- sem er rétt einsog að fleygja fötum sem eru annaðhvort gauðrifin eða
ekki lengur í tízku. Djönk-it.

Sumir tjasla uppá gömlu fötin, læknarnir reyna að tjasla uppá búkinn,
bara gott mál, en við erum vanir að taka því sem að kjafti kemur.

Eitthvað falið, hulið, kalt, vítt, hvítt, kyrrt,
Hel er gyðja tómeika og einskis. En samt....!

Hel er gröfin og hún er vömbin mikla sem allt kemur út. Vomb-tomb



hulið hellir helía heilagt helgi og svo upp risið á ný.

Þegar maður sóist, (TM-tæknin)
-- en það geta mennirnir einir lífvera á jörðu --
endurnýjast allar frumur kroppsins hans.

Það er dhyaana dá dvínun ध्यान um stund,
og frumur líkamans endurnærast við að eigandinn skreppur í tívatún
aftur og aftur í lífinu.

Þar er vökul kyrrð, næring -- frumurnar eru lifandi, starfa af kappi,
en það ætti ekki að vera mikið öðruvísi þegar fyrirtækið er lagt niður,
nema hvað verða ragnarök fyrir frumurnar og kerfin, líffærakerfin, og
heilabúið góða.


Maðurinn er þá horfinn ströndum, eða deyr í fjall.
Hvíl í friði, RIP, rest in peace, en búkurinn fer í rest in pieces,
endurvinnslu,
sál til heljar, restin í pises.

Menn geta hvort eð er ekki samsamað sig kroppnum,
því við vitum að hann er hverfult efni og orka.
Aðeins geta menn samsamað sig einstaklingsvitund sinni sem er
alheimsvitund

Við tveir, úlfar Óðins, étum ekki vitund -- oy barasta ekkert vit í svoleiðis vitleysu að éta íbúann í kjötkássunni.

Helia er hula
hylur hvað? geymir hvað?
geymir, hvíl í friði, ego/ahamkar, greind/vitsmuni, huga
-- fingerðasta hluta líkama einstaklings

ekki höfuðskepnurnar 5 (les 26. skráðu)
og þar með ekki vata pitta kapha, eldhúsið í Valhöll,
sem er gúmmulaðiframleiðsla fyrir sprellifandi menn í sínum bók.



Ítrekað:

eldhúsið í Valhöllu er um lifandi menn. Þar er skapað efni.
Þar dvelja einherjar á 5. og 6. vitundarstigi andlegs þroska, vitundarþroska.

Við hesthúsum allt slíkt þegar fyrirtækið mannlíf er lagt niður um stund.

Hér er skýrlega uppsett hjá okkur hið áttfalda, 8-föld náttúra, prakriti (pra-kríti frum-gert), sem ginnungagap ungar útúr sér sem skapaðri náttúru -- en þaðan höfum við þekkinguna alla.

Ginnungagap breytist ekkert við sköpun úr sjálfu sér
-- sem það framkvæmir innan sjálfs sín, og það er ekki okkar verksvið.

Prakriti er bæði paraprakriti og prakriti sem er 8-föld í eðli sínu (©Global Country)

→ ek (einstaklingur) → svinnur → hugur → rúm (Heimdallur(?))

∧ hringur, ferli, 8-föld náttúran; ∨
∨ höfuðskepnan rúmið er ¾ hlutar veraldar, v
∨ höfuðskepnurnar loft, eldur, vatn og jörð samanlagðar ¼

← jörð ← vatn ← eldur (Ullur(?)) ← loft (Hræsvelgur(?)) ←

rúmið er að hluta óskapað, orka, að hluta skapað, efni;
loft, eldur, vatn, jörð skapað efni, ek, svinnur, hugur óskapað, orka.

Þegar Óðinn hefur gefið greyjum sínum kjötbúkinn, verða eftir hin fingerðustu svið hinnar áttföldu náttúru ginnungagaps skapaðs.

Gerri Freki og jötnar háma í sig til endurvinnslu rúm loft eld vatn jörðu.
(26., höfuðskepnur, útskýrir fyrir ykkur þetta dótari.)

Einherjar í Valhöllu eru lifandi menn, því eldhúsið í Valhöllu er með höfuðskepnurnar á matseðlinum.
La cuisine Valhallsaise.

Menn eru himneska sælan, aananda आनन्द
koma úr henni,
lifa í henni,
hverfa aftur til hennar

आनन्दाद्भवेव खल्विमानि भूतानि जायन्ते ।
आनन्देन जातानि जीवन्ति ।
आनन्दं प्रयन्त्यभिसंविशन्ति ॥

(23., álfar, draugar)

Raunveran er eilífðin,
mannverur og aðrar verur (animale) eru eilífðin.

Búkur er aðeins hula úr efni, snjáist einsog hver önnur flík.
Rétt einsog öll náttúran er hula úr efni, síbreytileg og hverful. (36.)

Hver maður getur sagt:
ég er ginnungagap,
búkurinn er efni og orka síbreytilegur,
búkurinn deyr, fer í hundana,
ekki ég, ég fer til Heljar.

Ég fæðist aftur og aftur í nýjum og nýjum bók meðan á því máli þarf að halda,
ég er eilífðin, ég er ginnungagap

Þessa vegna munu verða Líf og Lífþrasir á jörðu sem rís úr sæ jafnvel eftir ragnarök,

falla fossar flýgur örn yfir,



Því skíðblaðnir er seigur, lífsseiglan sjálf.

Rétt einsog blöðin falla af trjám á haustin og ný vaxa að vori.
Nýtt tungl, fullt tungl. Alltaf sama tunglið.
Sólin sezt, og sama sólin ris að morgni þegar móðir jörð snýr yfirborði sínu, með okkur öllum á, mót austri.

Geri og Freki standa fyrir endurvinnslu á búkum,
möo: kjöt gefur Óðinn greyjum sínum, og við unum því bara vel,
en við vín eitt Valföður æ unir, lífsflæðið, svinn.

Sum ævintýri enda:og svo lifðu þau hamingjusöm til æviloka,
en sumir halda að ævintýrahjónabönd séu svona veraldlegt hjónaband og
eru nú ekki vissir um að nýgift hjón í veröld lifi hamingjusöm til æviloka,
hmmmm?

Uppljómaðir menn eru hamingjusamir,

og góða foreldra hafa þau börn valið sér sem fæðast hjá uppljómuðum foreldrum.

Hjón sem lifa alvöruhamingju fleygja oft ekki miklu drasli, og eiga oft ekki mikið drasl,
en yfirborðslifandi hjón eru oft að fleygja og kaupa nýtt.

Þau rífast stundum um peninga.

Við höfum svona smáfirsýn yfir þetta hér í sorpu og hringrás í gegnum aldirnar.



Það er einfaldlega óráð að fylla allan heiminn af drasli.
Við verðum að hafa hreinsunardeild,
hreinsunareldinn fræga sem búið er að leggja niður hjá Rómarveldinu,

við verðum að sortera hvað er komið til að vera, og hverju verður á bál
kastað,
og þá í þágu Þundar (28.),

Jötnar verða að vita hvað eru tilgangslaugar tilraunir og mislukkaðar
hugmyndir.

Það er ekki í þágu Þundar og veitir jötunum atvinnu.



Þetta eru ferlin frægu:

Sattva-Gunni, Radja-Gunni og Tami-Gunni að stjórna öllu,
eru þarna í boltaleik með efnisagnir í heimi og málefni manna,
Óðinn Vili Vei að skapa í sköpunarleiknum sínum siendurtekna,
og við jötnar í öskukarlaleiknum okkar til jafnvægis,
valkyrjan er einskonar sköpunarbrótt líka, því þeir sem hana fermja geta
skapað með ósk og löngun einni saman,

vidhi विधि: विधि einhvers konar sköpunar-serimonia, gjörningur,
svo koma

Urður Verðandi Skuld með gjörðafækjusendingarnar sínar (33.),
og Fenrir er að fitna stundum um of (16.). og það er slæmt.



Sossu ekki mjög flókið neitt.

Hindúar segja, og hafa víst úr vedavísindum, að Vishnú þurfi alltaf að hafa hemil á kollegum okkar þar, þessum daitya, sem bara ryðja öllu heila klabbinu á haugana.

Pabbi þeirra heitir Dítí, og er demon. Þeir eru rosalega þúkalegir stundum, skilst okkur. Algjörir smádjöflar og stórpúkar, garmarnir.

Tívar í tívatúni, þessir með náttúrulögmálin á sínum snærum (sútra (sauma; þráður) og súper-string kenningarnar), þurfa að hafa sig alla við við að skapa. Þeir eru uppbyggjandi svið náttúrulögmálanna. Sá hluti ferlisins sem fyllir veröld af fyrirbærum.

En orðið tívar er af upruna deva देव og daivi दैवि daivi shakti दैवि शक्ति mátturinn óendanlegi úr Iðavöllum.

Vishnu (3., þrieindir) hamlar krafti daitya, sem eru sá hluti náttúru-lögmálanna sem rífur niður,

og Vishnu viðheldur krafti tíva sem eru uppbyggilega ferlið hjá þessum ágætu náttúrulögmálum. Allt er í reglu, allt er rannsakanlegt ef maðurinn hefur þekkinguna.

En jötunheimar, jötnar, sem eru æting, er að stofni til djótír, ljós, ज्योतिर्.

Útskýring handa þeim sem hafa áhuga á 40 vedum:

Djótish ज्योतिश् í vedum er einfaldur útreikningur, djótish er alviturt.

Það er nefnilega hægt að reikna allt ferlið í mannsævi út, ef maður kann að reikna og hefur smávegis upplýsingar. (33., Urður Verðandi, Skuld.)

Djótish er yfirsýn yfir allt ferli frá upphafi til enda. rétt einsog í færibandaverksmiðjunni, þegar eigandinn, forstjórinn, kemur inn og sér stykki á færiband, og veit nákvæmlega hvar í ferlinu það er og hversu langt það er komið til að getað þjónað sínu hlutverki, -- sem hann veit nákvæmlega hvert er.

Hann veit hvaðan efnið í það var keypt, hvaða hönnun er að baki þess, hvaða tilgangi það þjónar í endanlegri framleiðslunni.

Hann er enginn spámaður þótt hann sjái þetta. Þetta liggur í augum uppi fyrir honum sem stærðfræði útreikningur.

Ef við sæum hálfgerða dýnamóa á færiband, teldum við þetta rusl, sæjum ekki mikla þörf fyrir þetta, varla að nokkur maður myndi kaupa svona óskiljanlega járnahrúgu, en eigandinn veit að þetta er hlutur í bílana sem hann er að framleiða.

Við vitum ekki, og höfum ekki minnsta áhuga á heldur, hvernig svona rafmagnsdótari virkar, en þegar það er ónýtt vitum við hvað verður um það.

(brosa.)

Þetta var bara útskýring á grundvellingum fyrir útreikninga sem heita djótish-fræði, fræði sem pöndítar kunna til hlítar.

Eitthvað með Gungni (35.) að gera, sem eyðir áhrifum hins illa sem er að koma í hausinn á fólki, afstýrir illu karma
Urður Verðandi Skuld (33.) eru betur að sér í þessu en við.



karmaviðgerðir, djótish, yagñiur

Jyotish ज्योतिश् बýðir t.d. neisti, og ljós (sólar, dagrenningar, elds, eldingar), birta (himins), lýsing, elding, sól, loft, og er meira að segja persónugert sem eldur, sól og tungl; getur og þýtt margt í þessa áttina, t.d. himintunglin.


Verið getur að Jötunheimar séu ljósheimar, djyotir-maya (djótir-maya) sem til er úr birtu.
Alla vegar vald sólarljós og veður einhverri ætingu.

Líkami mannanna verður einnig jötnum að bráð í lifanda lífi.
Til er nefnilega svolítið sem heitir sindurefni (e. free radicals).
Það eru jötnar, æting.



En Maharishi aayurveda býður mönnum,
-- sem ekki vilja étast innanfrá af jötnum, ætingu --
ódáinsfæðu, svo sem amritanam (a-mrít, ó-dáins-)
þetta -nam hlýtur að þýða nammi,
við erum nú ekki svo klárir í sanskrít.
En þetta mrít er dauði, vitum við. Og a-mrít ó-dáins-eitthvað.

Maharishi amritanam amrit kalash ódáins nammi ambrósía nektar.
http://mapi.com/maharishi_ayurveda/products/amrit/index.html



amrít kalash ódáinsfæðukálfur

Það er handa þeim vilja að guðin elski sig,
og vilja deyja í sí-ungum kroppi,
hversu gamlir sem þeir nú annars verða í þessum tiltekna búki sem hér
um ræðir.

Þetta amritanammi gerir það að verkum,
að kjötið okkar verður laust við grugg og streitu,
og menn verða heilbrigðir gamlir.

Sumir losa sig þannig við sindurefnin úr sínum líkama.



altærir oy bara búkar í okkar huga

Jötnar eru tæring, endurvinnsla efnis,
við brjótum niður, á móti því sem Óðinn Vili Vei skapa, til að halda



jafnvægi í veröld.

Ekki væri gott að hlæðist upp endalaust,
og nauðsyn er að losna við þetta gamla til að gera rúm fyrir hið nýja.
Þetta er hvort eð er aðeins hringrás.



Sköpun í samræmi við dharma (28., Þund),
í samræmi við tilgang og framþróun heimsins,
er varanleg sköpun,
en annað hverfur í tímans djúp til allrar lukku.

Fyrsta lögmál varmaafslfræðanna segir að ekkert tapist,
það sé nú þegar skapað, og eyðist ekki.

Ekkert nýtt undir sólinni segir hann Anónýmus karlinn, sem segir svo
margt gáfulegt.

Menn segja í fúlustu alvöru: ekkert er nýtt undir sólunni.
Samt horfa þeir á hluti verða til, splunkunýja,
og horfa á allt hverfa, brotna niður, eyðast.
Vita þeir samt?

Tæring, ryð, mygla, veðrun, sindurefni (free radicals), áhrif lofts og sólar,




æting = jötnar

étandi allt milli himins og jarðar.

Allt er hverfult í heimi, og kvarkarnir láta ekki ná sér.
Mennirnir hafa prófað, af forvitni sinni, og eytt miklum tíma og miklu fé í
alls konar tæki,
en allt kemur fyrir ekki.
Ekkert bitastætt finnst sem hægt er að festa hendur á.

Gungnir sleppur oft undan rannsóknatækjunum á snjallan hátt.



Þetta fer á fingerðari og fingerðari svið, og loks alla leið oní ginnungagap,
og það sér ekki auga vísindamannsins.
Ginnungagapið nema ekki tæki vísindamannsins.

Sagt er: augað sér allt nema sjálft sig!!
Menn sjá heldur ekki sjálfa sig, hina eiginlegu sjálfa sig.

Við erum aðeins í kjötinu, og reynum ekki að eiga við ginnungagapið,
sálirnar.

Svo er orðið vesen með allt þetta teflon sem menn éta,
alls konar rotvarnarefni og litarefni,
og menn éta svo mikið af skordýraeitri og ógeðslegum áburði,
að við erum með meltingartruflanir.



oj bara



Djöfsi tekur nú orðið við timbri og bylgjupappa, því allt er að kulna hjá
honum.



Auglýsing: Farinn að taka við fleiru í kulnuninni.

Einu sinni bannaði hann að nokkur maður fengi að taka með sér nokkurn skapaðan hlut yfirum,

-- þá var rífaði bissetur hjá honum, fullt útúr dyrum, en nú er farið að harðna í ári hjá honum, blessuðum karlinum. Menn hætta að trúá á hann, þakið lekur, rignir inn, allt í volli. Engin krækiber í helvíti.

Hlýnun jarðar, kulnun helvítis;
allt er í heiminum hverfult, og stund hins fegursta frama....
hverfur og kemur svo bara aftur og aftur.

Það eina sem er helvíti mönnum er þessi gruggur og streita sem allir eru að safna upp.

Slíkt veldur blindu og gönum.

Við erum alveg að missa lystina, maður!

Það er orðinn helvíti harður heimur að vera Geri og Freki.

Heyrðu, litla krúttaralega forvitna kjaftfora,
við megum eiginlega ekki vera að þessu lengur.

Er þér ekki sama þótt þetta sé svona stutt, þar sem þetta er svo skýrt og klárt hjá okkur, og þarfnast ekki frekari skýringa við?

Heiðni er ekki kerfi, aðeins þekking.

Menn þurfa aðeins að skilja.

Sjáumst!! hæ hæ og hó hó (= gaman)

bæ bæ og bó bó (= bless, bæó)

kasta á glæ glæ og gló gló (= á eld og sindur)

éta næg næg og nóg nóg (= við höldum áfram í öskukarlavinnunni)



..... og svo át ljóti úlfurinn aumingja litlu Rauðhettu

**** ISBN 978-9935-409-21-8 ****

Þekkingin mikla sem finna má í þessum Óðsmálum inum fornu kemur frá maharishi mahesh yogi, heims mesta eðlisfræðingi og kennara, frá vishva (heims) shanti (friðar) raastram (ríkinu), विश्व शान्ति रास्त्रम् . महर्शि maharishis hugmynd er að finna सनातन धर्म sanaatana dharma (hið eilífa sem uppi heldur) í menningararfinum okkar. Þekkingin er ægisdjúp og spannar hið veraldlega og samhitaa /ginnungagap /samsvið allra náttúrulögmála / „stjórnarskrá alheims”. Aðeins skilningur á þessu hvoru tveggja til samans getur borið nafnið þekking. Úr hinu óskapaða kemur allt hið hverfula.

Með iðkun samsviðsvisindanna og -tækninnar er unnt að öðlast þessa 200% þekkingu.

Lífa 200% lífi, पूर्णमदः पूर्णमिदं.... puurnam adah puurnam idam... आचरिवद् aaschariavat (undur) er grundvallarraunveran kölluð (stofn -char frb.tsjar), a-char, hið óhagganlega. Undur raunverunnar eru torræð inum grugguga manni -kölluð „Mystics of Reality”-,

auðskilin inum tæra manni: „ek em ginnungagap”. अहम्ब्रह्मस्मि aham brahmasmi.

Til heilla er í lífi hvers manns að kynnast þekkingunni miklu af eigin raun.

Sjálfur leið þú sjálfan þig. Ég gefinn sjálfum mér. Til þess er samsviðstæknin TM, auðlærð og einföld, eðlileg, náttúruleg -- og nauðsyn hverjum manni í daglegu lífi.

Iðkun samsviðstækninnar og -visindanna, TM®, gerir taugakerfi manna tært, hugan skarpan, flýtir þróun einstaklinga og veraldar í átt til fullkonnunar, gerir 192 ríki heims sjálfstæð friðsöm fullvalda: Friðsamir einstaklingar, friðsamir þjóðir, friður í heimi. Fullkomið samræmi þjóðarvitundar hvernar einustu þjóðar á jörðu veldur friði. Við heyjum frið með visindum og tækni sem maharishi kennir. (globalcountry.org)

Siðþekking er að þekkja forna sið og dýpt hans, að þekkjast forna sið og lifa Þundarflæði í sátt við náttúrulögmálin, hverra forsetar guðin okkar eru. Ekki kann góðri lukku að stýra að stríða gegn lögmálum náttúrunnar. Það skiljum við sem forna sið þekkjumst.

Eigin menning þjóða, upprunaleg í umhverfi sínu, upprunaleg meðal fólksins, er til heilla sé hún í heiðri höfð. Aðflutt menning, hversu „samtvinnuð“ sem hún kann að vera sögð --til að afsaka eða réttlæta hana-- er rótlaus á rótföstum meiði og tærri þekkingu forfeðranna. Séu aðfluttar skoðanir taldar „samtvinnnaðar“ íslenzkri menningu, þarf að skilgreina upprunalega íslenzka menningu í því samhengi. Það er ætlun Óðsmála.

Hver þjóð ætti að lifa sinn forna eigin sið स्वधर्म (svadharmā). परधर्म (paradharmā), annarra þjóða kerfi sem þröngvað er uppá þjóð, býður æ heim hættu.

Við skulum skilja launsagnir og táknmál okkar ómetanlega fagurra menningararfs. Við þurfum skilning á ginnhelgum svinni, skulum nema upp fimbulrúnir, og þurfum að geta lifað í húlða Mímisbrunnisdýpi tilverunnar áreynzlulaust ásamt vöku og svefni, í leik og í starfi. Þaðan kemur meðbyr. Ljá skulum við auga að veði til að öðlast Mímis vizku og minni.

Tæknin til að „nýsast niður“ gerir okkur kleift að taka aðeins Týréttar ákvarðanir í þróunar átt, í flæði með Þundu.

Við þurfum að komast í Valhöll sprellifandi og sem fyrst á þessari okkar ævi.



Óðsmál in fornu 40 Kálfholtalækjarhljóð Góþrún dimmblá
Guðrún Kristín Magnúsdóttir
